

Nd.

753. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, HBl, ÓE, SvS, GB).

1. Við 5. gr. Við 3. tölul. bætist nýr másl. er orðist svo: Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Við 6. gr.
 - a. 2. tölul. orðist svo:

Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölul. má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.
 - b. Við 9. tölul. bætist ný mgr. er orðist svo:

Um vöntun í vörusendingu gilda ákvæði 60. og 112. gr. þessara laga.
3. Við 8. gr. Orðin „við sölu til útflutnings til landsins“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
4. Við 13. gr. Orðin „og fyrirhugaðar breytingar þar á“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 15. gr. bætist orðin: sem nauðsynlegt getur talist og varðar viðkomandi innflutning.
6. Við 18. gr. 2. másl. 1. mgr. falli brott.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður.
8. Á eftir 20. gr., sem verður 19. gr., komi ný grein er orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–29. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.
9. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Innflytjandi eða vörsluaðili vöru eða sendingar skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð hennar að dómi tollstarfsmanna, svo sem að opna umbúðir og ganga frá þeim að nýju.

Tollyfirvaldi er heimilt að fela tollstarfsmönnum eða ráða ákveðna menn til að vinna og aðstoða við tollmeðferð vöru eða sendingar, svo sem að opna umbúðir og loka að nýju á ábyrgð innflytjanda eða vörsluaðila og innheimta hjá innflytjendum þóknun fyrir þessi störf með aðflutningsgjöldum sé skyldu skv. fyrri mgr. ekki sinnt.
10. Við 27. gr.
 - a. Á eftir orðinu „Kjósarsýslu“ í 1. tölul. komi: þó ekki Bessastaðahreppur.
 - b. Orðin „Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandahrepp“ í 2. og 3. tölul. falli brott.
 - c. Við 25. tölul. bætist orðin: auk Bessastaðahrepps.
11. Við 28. gr. Á eftir 3. tölul. bætist nýr tölul., svohljóðandi: Sauðárkrókur.

12. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Við embætti ríkistollstjóra starfar Tollgæsla Íslands undir stjórn tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri skal fullnægja skilyrðum um embættisgengi sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Tollgæsla Íslands skal hafa með höndum tolleftirlit á tollsvæði ríkisins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
13. Við 63. gr. Í stað orðanna „henta þykir“ í fyrri mgr. komi: nauðsyn krefur.
14. Við 64. gr. 8. mgr. orðist svo:

Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugæmslum sínum sem ekki getur talist þáttur í almennu tolleftirliti, svo sem fyrir útgáfu vottorða um endursendingar á vörum, gegnumflutning, aðstoð við mat á vörum til ákvörðunar tollverðs og aðra þjónustu eftir nánari ákvörðun ráðherra.
15. Við 80. gr. Fyrri másl. síðari mgr. orðist svo: Leyfishafi og geymsluhafi eru skyldir til að færa nákvæmt birgðabókhald og sýna tollgæslunni það hvenær sem krafist er.
16. 87. gr. orðist svo:

Ákvæði IV. kafla, um tollmeðferð o.fl., V. kafla, um aðflutningsskýrslu og aðra skýrslugjöf, og VII. kafla, um almenn ákvæði, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddra vara, skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvörugæmslur.
17. Við 89. gr. bætist orðin: sbr. 8. mgr. 64. gr.
18. Við 109. gr.
 - a. Við 1. másl. 2. mgr. bætist orðin: eða hliðstæðrar ábyrgðar.
 - b. 3. mgr. orðist svo:

Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far kom á ákvörðunarstað, eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugæmslu. Aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði, skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til ákvörðunarstaðar eða úttektardag úr tollvörugæmslu. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. lögum nr. 36/1986. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem að fella niður greiðslufrest, tímabundið eða að fullu, eða stöðva tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda skv. þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.
19. Við 110. gr. bætist nýr másl. er hljóði svo: Sama skal gilda um miðlara sem veita fyrrgreindum aðilum þjónustu við tollmeðferð og tollafgreiðslu á vöru í atvinnuskyni.
20. Við 121. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Ákvæði 110. gr. skulu gilda með sama hætti um útflytjendur og miðlara sem veita þeim þjónstu við útflutning á vörum.
21. Við 134. gr.
 - a. Í stað „10%“ í 1. og 2. mgr. komi: 20%.
 - b. Síðari másl. 2. mgr. falli brott.
 - c. 3. mgr. orðist svo:

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á getur tolyfirvald fallið frá innheimtu viðauka samkvæmt þessari grein, enda færi aðili gildar ástæður sér til málsbóta.
 - d. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Sé málinu vísað til opinberrar rannsóknar skal við ákvörðun sektar hafa hliðsjón af viðauka sem innflytjanda hefur verið gert að greiða.

22. Við 142. gr. 1. mgr. orðist svo:
Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka vöru eða sýnishorn af vöru til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.
23. 143. gr. orðist svo:
Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.
Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins.
Samþykki tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrárám skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Vörugreining í öðrum lögum byggð á tollflokkun skv. tollnafnaskránni skal breytt til samræmis án þess að slíkar breytingar hafi áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá eða gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.
Breytingar skv. ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.
24. Við 145. gr. Síðari mgr. orðist svo:
Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tollefirliti. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.
25. Við 146. gr. bætist orðin: að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.
26. Við 149. gr. Á undan orðinu „álagningu“ komi: flokkun vara.
27. Við 150. gr.
a. 1. másl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. september 1987.
b. Í stað orðanna „lög nr. 3 1. mars 1986“ komi: IV. kafli laga nr. 3 1. mars 1986.
c. Orðin „svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið skv. þeim lögum“ í niðurlagi greinarinnar falli brott.
d. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. lögum þeim sem um ræðir í fyrri mgr., skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.
28. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „þeim“ í fyrri mgr. komi: þessum greinum.